SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA

# Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra

## Úthlutunarnefnd

9. fundur 21. janúar 2020 kl.10:00, Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

Mætt voru: Eva Hrund Einarsdóttir formaður, Hulda Sif Hermannsdóttir, Eiríkur H. Hauksson, Tryggvi Finnsson og Dagbjört Bjarnadóttir. Einnig var mætt Vigdís Rún Jónsdóttir, verkefnastjóri menningarmála hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, sem ritaði fundargerð.

**Fundarsetning:**
Formaður, Eva Hrund Einarsdóttir, bauð fundarmenn velkomna til fundar og gengið var til dagskrár.

**1. Fjárhagsrammi og vanhæfi**

Uppbyggingarsjóði bárust alls 158 umsóknir, þar af 68 til atvinnuþróunar og nýsköpunar og 90 til menningar. Samtals var sótt um tæpar 335 mkr., þar af rúmar 190 mkr. til atvinnuþróunar og nýsköpunar, og 144,6 mkr. til menningarstarfs.

Fjárhagsrammi Uppbyggingarsjóðs markast af ákvörðun stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), sbr. fundargerð nr. 327 frá 20.11.2019. Þar kemur fram að árið 2020 hefur Uppbyggingarsjóður til úthlutunar samtals 76 m.kr. sem skiptist jafnt milli menningar (38 millj.) og atvinnuþróunar og nýsköpunar (38 millj.). Jafnframt kemur fram að sthórn SSNE heimili úthlutunarnefnd að færa fjármuni á milli verkefnaflokka ef svigrúm skapast.

Á fundum dagana 10.-11. janúar og 11.-12. janúar fóru fagráð ítarlega yfir allar umsóknir og lagður var til grundvallar, samningur um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019, verklagsreglur Uppbyggingarsjóðs 2019 og matsblað.

*Um vanhæfi:*
Eva Hrund Einarsdóttir var kosin vanhæf í umsóknum nr. 5900 og 5924.
Dagbjört Bjarnadóttir var kosin vanhæf í umsóknum nr. 5712 og 5678.

Viku fundarmenn af fundi undir afgreiðslu þessara umsókna.

**2. Tillaga fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar**

Formaður fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar, Eiríkur H. Hauksson, fór yfir verklag sem var viðhaft við vinnu fagráðs við mat umsókna. Farið var yfir rök fyrir höfnun umsókna. Tillaga að styrkvilyrðum fagráðs var kynnt í kjölfarið, lagt var til að styrkja 32 verkefni að

upphæð kr. 38.000.000.- Nokkrar umræður urðu um tillöguna. Úthlutunarnefnd samþykkti tillögur fagráðsins samhljóða.

**3. Tillaga fagráðs menningar**

Formaður fagráðs menningar, Hulda Sif Hermannsdóttir, fór yfir verklag sem var viðhaft við vinnu fagráðs við mat á umsóknum. Tillaga að styrkvilyrðum fagráðs var kynnt og í kjölfarið var farið yfir rök fyrir höfnun umsókna. Lagt var til að styrkja 50 verkefni að upphæð 38.000.000.- Nokkrar umræður urðu um tillöguna sem var samþykkt samhljóða.

Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra mun fara fram í Skjólbrekku í Mývatnssveit föstudaginn 7. febrúar kl. 16.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 14:20.

Vigdís Rún Jónsdóttir fundarritari.

**Fylgiskjöl: Endanleg úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2020.**

**Eftirtalin verkefni hljóta styrk á sviði menningar og atvinnuþróunar og nýsköpunar úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra 2020.**

| Heiti verkefnis | Umsækjandi | Úthlutað |
|---|---|---|
| Garður, Skúlptúrgarður við Alþýðuhúsið á Siglufirði | Aðalheiður S Eysteinsdóttir | 300.000 |
| Skynverur | Áki Sebastian Frostason | 550.000 |
| Hrísey og Grímsey í fókus | Akureyrarkaupstaður | 2.000.000 |
| Listvinnustofur Listasafnsins á Akureyri | Akureyrarkaupstaður | 345.000 |
| Norðlenskt píanósumar | Alexander Smári K Edelstein | 1.000.000 |
| Menningarstarf í Alþýðuhúsinu á Siglufirði | Alþýðuhúsið á Siglufirði, félagasamtök | 2.500.000 |
| Ungskáld 2020 | Amtsbókasafnið á Akureyri | 500.000 |
| Kaka fyrir þig! | Anna María Richardsdóttir | 400.000 |
| Lög | Anna María Richardsdóttir | 400.000 |
| Berjadagar Tónlistarhátíð 2020 | Berjadagar,fél um tónlistahátíð | 750.000 |
| Photographing The north | Einar Guðmann | 1.000.000 |
| Kennslugerði | Erlingur Ingvarsson | 850.000 |
| Rekstur Ljóðaseturs Íslands | Félag um Ljóðasetur Íslands | 1.200.000 |
| Opinn dagur í Gúlaginu 2020 | Fjölnir Unnarsson | 500.000 |
| Flygilvinir færa sig upp á skaftið | Flygilvinir-tónlistarfélag við Öxarfjörð | 300.000 |
| Fræðasetur um forystufé | Fræðafélag um forystufé | 1.500.000 |
| Grunnur Fjallabyggðar | Fríða Björk Gylfadóttir | 210.000 |
| Fjalla Salur | Friðrika Sigurgeirsdóttir | 750.000 |
| Miðaldadagar á Gásum | Gásakaupstaður ses | 900.000 |
| Sundmagar – vinnsla og markaður | GHÞ ehf | 1.000.000 |

| | | |
|---|---|---|
| Meðan lífs ég er | Hælið ehf. | 1.000.000 |
| Síldarstúlkur | Halldóra Guðjónsdóttir | 750.000 |
| Vetrarupplifun, frumefni, menning og matur. | Heimahagar ehf. | 1.000.000 |
| Óskarsstöð-staðarpríði | Heimsendi-Menningarfélag Óskarsstöð | 750.000 |
| Bifröst - brú til framtíðar | Heimskautsgerði á Raufarhöfn | 1.000.000 |
| Dalurinn | Helga Kvam | 450.000 |
| Drekinn, upplýsingar til ferðamanna um liðna tíma | Helgi Ólafsson | 300.000 |
| Röstin gestavinnustofa | Hildur Ása Henrysdóttir | 800.000 |
| Hraun í Öxnadal - Jónasarsetur | Hraun í Öxnadal ehf. | 1.000.000 |
| Útilistaverk á Raufarhöfn, litagleði úr reka. | Ingibergur F Gunnlaugsson | 600.000 |
| Tröllið í Hofi - Barnamenning | Jónborg Sigurðardóttir | 550.000 |
| Snertur af náttúrunni. | Joris Johannes F Rademaker | 300.000 |
| Kaktus | Kaktus, menningarfélag | 1.000.000 |
| Hótel í Öxarfjarðarhéraði: áframhaldandi kynningarvinna | Karin Anna Maria Englund | 1.000.000 |
| Útivistarferðaþjónusta í Bárðardal | Kiðagil ehf | 500.000 |
| Verið | Klifaeignir ehf. | 450.000 |
| Kóramót Norðurþingeyinga | Kór Raufarhafnarkirkju | 500.000 |
| Pastel ritröð | Kristín Þóra Kjartansdóttir | 800.000 |
| Sumarsólstöður í Grímsey | Kvenfélagið Baugur | 400.000 |
| Skógar[g]ull | Lón 2 ehf | 400.000 |
| Demantshringurinn - Diamond Circle | Markaðsstofa Norðurlands | 2.000.000 |
| Matur úr héraði | Matur úr héraði-Local food, félag | 500.000 |
| Leikfelag unga fólksins | Menningarfélag Akureyrar ses. | 600.000 |
| Allar gáttir opnar | Minjasafnið á Akureyri | 500.000 |
| Tónlist á Akureyri - Örlítið meiri diskant | Minjasafnið á Akureyri | 250.000 |
| Músík í Mývatnssveit 2020 | Músík í Mývatnssveit, félag | 750.000 |
| Myndlistarfélagið | Myndlistarfélagið | 500.000 |
| Mývatns Spírulina | Mýsköpun ehf. | 3.000.000 |
| Jólasveinarnir í Dimmuborgum - æfingabúðir | Mývatnsstofa ehf. | 800.000 |
| Sókn til framtíðar | N4 ehf. | 2.000.000 |
| Bakvið tjöldin | N4 ehf. | 1.000.000 |
| Veggurinn í Kelduhverfi - tækifæri? | Norðurhjari,ferðaþjónustusamtök | 1.000.000 |
| Leiklistarnámskeið Draumaleikhússins | Petz slf. | 600.000 |
| Nýting lághita til frostþurrkunar | Raftákn ehf. | 2.500.000 |
| Samspil/Interplay | Rósa Júlíusdóttir | 1.000.000 |
| Neró Nammi | Rósmarín ehf | 1.000.000 |
| Viðskipta- markaðs og söluáætlun | runia ehf. | 750.000 |
| Menningartengd Hestaferðamennska | Saltvík ehf | 1.000.000 |
| Samgönguminjasafnið Ystafelli | Samgönguminjasafnið Ystafelli | 850.000 |
| Lífrænn gos bjór unnin úr öðrum flokki lífrænna gulróta. | Sara Stefánsdóttir | 1.500.000 |
| Listviðburðir í Pálshúsi 2020 | Sigurhæð ses. | 700.000 |

| | | |
|---|---|---|
| Ólafsfjarðarstofa - Pálshús | Sigurhæð ses. | 2.000.000 |
| Skjálftasetrið á Kópaskeri | Skjálftafélagið-félag áhugafólks um jarðskjálftasetur á Kópaskeri | 750.000 |
| Þróun og uppbygging þaravinnslu á Norðurlandi | Snæbjörn Sigurðarson | 1.000.000 |
| Sleðahundagleði í Reykjadal | Snow Dogs ehf. | 1.500.000 |
| Raunir Jeremíasar | Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir | 245.000 |
| Orka norðursins | Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir | 500.000 |
| Stelpur Rokka Norðurland | Stelpur rokka Norðurland | 400.000 |
| Hver vill hugga krílið | Stúlknakór Akureyrarkirkju | 700.000 |
| Gönguleið um Langanesfjöll | Sverrir Möller | 750.000 |
| Ræktun á Austursandi í Öxarfirði | Tryggvi Hrafn Sigurðsson | 1.000.000 |
| Viðgerðar - og dráttarbílaþjónusta | Tryggvi Pálsson | 500.000 |
| Í myrkri eru allir kettir gráir | Umskiptingar ehf. | 1.000.000 |
| Súlur Vertical | Ungmennafélag Akureyrar | 1.500.000 |
| Fjölskyldusirkushelgar í Eyþingi 2020 | Unnur María Máney Bergsveinsdóttir | 400.000 |
| Lúxus tjaldgisting og hæglætis ferðaþjónusta | Vað ehf. | 1.000.000 |
| Verksmiðjan á Hjalteyri - dagskrá 2020 | Verksmiðjan á Hjalteyri | 3.500.000 |
| Stærsti skógur á Íslandi | Vistorka ehf. | 500.000 |
| Störf án staðsetningar - Greining á fjarvinnslu | Þekkingarnet Þingeyinga | 750.000 |
| Álfar og tröll | Þórhildur Örvarsdóttir | 800.000 |
| Þegar djassinn hitti barokkið | Þórhildur Örvarsdóttir | 400.000 |
| N-Ice Air (niceair.is) | Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson | 3.500.000 |